

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna u-beygju á gatnamótum Gullinbrúar og Hallsvegar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. desember 1998.

Böðvar Bragason.

11. desember 1998

Nr. 758

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Galtar, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Galtar, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 11. desember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

14. desember 1998

Nr. 759

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Lækjasmára í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8 við Lækjasmára. Í breytingunni felst að grunnflötur fjölbýlishúss sem fyrirhugað er á lóðinni verði minnkaður; í stað þriggja hæða verði húsið fimm og sjö hæða og bílastæðum á landi verði fækkað um 16 og þau sett í bílgeymslu neðanjarðar. Fjöldi íbúða í fyrirhuguðu húsi breytist ekki. Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 14. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.